

**Sb. 236. Tillaga til þingsályktunar**

um bætur vegna brunaslysa í Keflavík.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Sigurður Einarsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða á yfirstandandi ári allt að 5000 kr. til þeirra, sem urðu fyrir tjóni vegna brunaslysa í Keflavík á jölunum 1935. Þriggja manna nefnd, sem skipuð sé hreppstjóra, héraðslækni og fulltrúa frá verka- lýðs- og sjómannafélaginu í Keflavík, úthluti fénu.

**Greinargerð.**

Á jölum 1935 kviknaði í jólatré á jólatrésskemmtun í samkomuhúsinu í Keflavík. Brann húsið niður og fórust þegar 4 börn og fullorðnir í brunanum, en fjöldi varð fyrir brunasárum, og lágu sumir lengi, en aðrir dóu síðar af sárum. Sumir eru enn rúmliggjandi. Af þessu hafa margir beðið mikið fjárhagstjón, auk þeirra þjáninga og harma, sem þessi atburður hefir haft í för með sér.

Fjölmennur fundur í Keflavík í febrúar síðastl. bar fram áskorun til Alþingis þess efnis, að ríkið veitti 5000 kr. til skaðabóta út af bruna þessum, og er þess að vænta, að enginn ágreiningur verði út af tillögu um bætur vegna þessa mikla og óvenjulega slyss. Oddviti hreppsins upplýsti á fundinum, að ógreiddur sjúkrakostnaður næmi um 5000 kr.